

## Snjallar lausnir fyrir blóðsykurnema Meðferð persónuupplýsinga

Nútímatækni auðveldar að setja heilsufarsupplýsingar eins og blóðsykurmælingar í samhengi við ýmsar aðrar breytur eins og máltíðir, hreyfingu og fleira. Skoðun upplýsinga í slíku samhengi gæti verið það sem þarf til að ná góðum tókum á sykurstjórn. Fyrirtæki sem markaðssetja blóðsykurnema (síríta eða skanna) bjóða að öllu jöfnu uppá eigin tækni til þess. Oftast er það með skýjalausnum sem gjarnan eru tengd snjallsímaforritum (öppum) eða annarskonar lesara. Sumir blóðsykurnemar eru í raun ónothæfir séu þeir ekki tengdir slíkum skýjalausnum.

Í ljósi þess að þér býðst nú sá kostur að nýta þessa nýja tækni til að aðstoða þig við að ná betri tókum á sykurstjórn, þykir Landspítala mikilvægt að minna þig á að kynna þér vel þá möguleika sem eru í boði og vera vel upplýst/ur um hvernig persónuupplýsingar þínar eru meðhöndlaðar af framleiðanda og þjónustuaðilum. Það er ekki alltaf ljóst hvað verður um upplýsingar notenda eða hvort þær séu persónugreinanlegar og öruggar í þeim gagnaböndum sem um ræðir. Það getur reynst þrautinni þyngra að staðfesta hvort upplýsingum sé deilt með þriðja aðila og í hvaða tilgangi. Þess vegna hvetur Landspítali notendur tækja sem safna heilsufarsupplýsingum til þess að kynna sér notkunarskilmála vel áður en þeir eru samþykktir. Á endanum er ákvörðunin og ábyrgðin hjá einstaklingum sem samþykkja notkunarskilmálana og Landspítali getur hvorki mælt með né ábyrgt einstakar lausnir.

Ef þú þarft aðstoð við úrlestur og mat upplýsinga getur þú valið að deila þeim með meðferðaraðila á Landspítala. Hafir þú ákveðið að nota skýjalausn framleiðanda tækisins og óskar eftir því að deila þínum upplýsingum með meðferðaraðila þá getum við látið í té nánari leiðbeiningar um hvernig það er gert. Önnur möguleg lausn er að deila upplýsingum með meðferðaraðila í gegnum [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is) eða Heilsugátt Landspítala. Upplýsingar, sem deilt er með meðferðaraðila á Landspítala, verða færðar í sjúkraskrá þína. Um sjúkraskrár gilda lög nr. 55/2009 og unnið er með persónuupplýsingarnar á grundvelli þeirra laga. Landspítali er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem vistaðar eru í sjúkraskrá og mun ekki nýta þær persónuupplýsingar í neinum öðrum tilgangi en kveðið eru á um í lögum um sjúkraskrá. Landspítali geymir allar sjúkraskrár ótímabundið á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á Landspítala. Landspítala er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni sjúkraskrár að liðnum tilgreindum tíma og verða þær varðveittar þar í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Landspítali gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi ráðstöfunum og deilir þeim ekki með þriðja aðila nema Landspítala sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, samningsákvæða eða samþykkis frá einstaklingum. Landspítali kann að nýta sér aðstoð þriðja aðila við að hýsa persónuupplýsingar og slíkir aðilar kunna því að hafa aðgang að þeim, en öll aðkoma slíkra aðila byggir á skriflegum samningum við Landspítala þar sem öryggi gagna og trúnaður er tryggður. Landspítali mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um.

Þú kannt að eiga rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem þú hefur deilt með okkur. Þá kanntu að eiga rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, eða vinnsla verði takmörkuð. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu Landspítala sem aðgengileg er á vefsíðu Landspítala.

Viljir þú gera athugasemd við meðferð Landspítala á persónuupplýsingum þínum þá getur þú haft samband við persónuverndarfulltrúa Landspítala, [personuvernd@landspitali.is](mailto:personuvernd@landspitali.is), eða sent kvörtun til Persónuverndar.